

**Nd.**

**461. Breytingartillögur**

**[124. mál]**

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Karli Guðjónssyni.

**1. Við 9. gr.**

**a. 1. málsgr. orðist svo:**

Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 1/4 km frá stórstraumsfjörumáli.

**b. Á undan orðinu „sýslumenn“ í 2. málsgr. komi: bæjarfógetar og.**

**2. Við 10. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:**

Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönnuð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflifunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.

**3. Við 21. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:**

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga) o. s. frv.